



Fundur sveitarstjórnar

39. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 14. janúar 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Kosning Oddvita og varaoddvita

Liður 1: kosning oddvita

Reynir Atli Jónsson gerði það að tillögu sinni að Reynir Atli Jónsson yrði kjörinn oddviti.

U-listinn gerði það að tillögu sinni að Siggeir Stefánsson yrði kjörinn oddviti.

Tillaga um að Reynir Atli verði kjörinn oddviti borin upp.

Með tillögu voru Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir og Hilma Steinarsdóttir

Á móti tillögu voru Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Siggeir Stefánsson, og Björn Guðmundur Björnsson.

Tillaga um að Siggeir Stefánsson verði kjörinn oddviti borin upp.

Með tillögu voru Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Siggeir Stefánsson, og Björn Guðmundur Björnsson

Á móti tillögu voru Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir og Hilma Steinarsdóttir

Reynir Atli Jónsson telst því réttkjörinn oddviti Langanesbyggðar.

Liður 2: kosning varaoddvita

Reynir Atli Jónsson gerði það að tillögu sinni að Hulda Kristín Baldursdóttir yrði kjörinn varaoddviti.

U-listinn gerði það að tillögu sinni að Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir yrði kjörinn varaoddviti.



LANGANESBYGGÐ

Tillaga um að Hulda Kristín Baldursdóttir verði kjörin varaoddviti borin upp.

Með tillögu voru Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir og Hilma Steinarsdóttir

Á móti tillögu Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson, og Björn Guðmundur Björnsson.

Tillaga um að Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir verði kjörin varaoddviti borin upp.

Með tillögu voru Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson, og Björn Guðmundur Björnsson

Á móti tillögu voru Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir og Hilma Steinarsdóttir

Hulda Kristín Baldursdóttir telst því réttkjörin varaoddviti Langanesbyggðar.

2. Fundargerðir funda Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 833 og 834

Fundargerðir lagðar fram til kynningar

3. Fundargerð 380 fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags 14. des. 2015

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð 275. fundar Stjórnar Eyþings, dags. 8. des. 2015.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð 13. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 8. des. 2015

Liður 1: Tónlistarskóli Langanesbyggðar - Skólastefna

Fræðslunefnd Langanesbyggðar leggur til að farið verði í gerð skólastefnu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps vegna Tónlistarskóla Langanesbyggðar og að sérstök námskrá verði unnin í kjölfarið.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra og skólastjóra í samráði við skólaráðgjafa Langanesbyggðar að koma með tillögu að gerð skólastefnu Tónlistarskóla Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

6. Fundargerð 8. fundar Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar, dags. 21. des. 2015.

Liður 4: Ferðamál í Langanesbyggð – framtíðarsýn

4.1 Stefnumótun ferðamála í Langanesbyggð.

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að Langanesbyggð hugi að mótun heildstæðrar stefnu ferðamála í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir með nefndinni og felur nefndinni að vinna tillögu að verklagi og framkvæmd í samvinnu við skrifstofu Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

4.2: Heiðarfjall – merkingar og skilti

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að Langanesbyggð sækji um styrki svo merkja megi öll hús á Heiðarfjalli og sögu þeirra. Einnig telur nefndin mjög mikilvægt að hið sama verði gert við aðra ómerkta staði í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir bókunina og leggur til að skrifstofa Langanesbyggðar vinni málið áfram og hugi meðal annars að því að fá sagnfræðinema til að skrásetja sögu ómerktra staða í Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða.

4.3: Skipulagðar, reglubundnar ferðir í Langanesbyggð

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að Langanesbyggð hafi forgöngu um að útbúnir verði afþreyingapakkar fyrir hópa, í samstarfi við ferðaskrifstofur og heimaaðlila. Einnig leggur nefndin til að sveitarfélagið hafi forgöngu um að skipuleggja hóprútuferðir með afþreyingu til nokkurra daga og stefnan verði að slíkar ferðir verði orðnar reglubundnar sumarið 2017.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að senda bréf til ferðaskipuleggjenda á norður og austurlandi þar sem fýsileiki slíkra ferða um Langanesbyggð verður tíundaður.

Samþykkt samhljóða.

Liður 5: Atvinnumál í Langanesbyggð

Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að sveitarstjórn leiti allra leiða til að kynna svæðið sem hagkvæman kost fyrir fyrirtæki og stofnanir. Atvinnu- og ferðamálanefnd óskar einnig eftir nýrri dagsetningu á atvinnumálaþing sem nefndin lagði til að yrði haldið í september - október 2015 en var ekki haldið.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir bókun atvinnu- og ferðamálanefndar en vill taka það fram að hún er ávallt að leita allra leiða til kynna svæðið sem hagkvæman kost.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ítreka fyrri ósk um fund við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og finna nýja dagsetningu á atvinnumálaþing.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar

7. Greið leið – hlutafjár aukning

Framkvæmdarstjóri Eyþings sendi ósk um að sveitarstjórn Langanesbyggðar endurskoði fyrri ákvörðun sína um að nýta sér forkaupsrétt sinn sem nemur 170.198.-isk.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir, með vísan til bréfs dags. 7. nóvember 2015, að nýta forkaupsrétt sinn sem nemur 170.198.-isk.

Samþykkt samhljóða.

8. Úrsagnir úr nefndum

Karl Ásberg Steinsson hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður



LANGANESBYGGÐ

umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar.

Steinn Leósdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar.

Kristinn Lárusson hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður fræðslunefndar Langanesbyggðar.

Björn Guðmundur Björnsson hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar.

Rafn Jónsson hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður hafnarnefndar Langanesbyggðar.

Sólveig Sveinbjörnsdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem varaformaður íþróttá- og tómstundanevndar Langanesbyggðar.

Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður velferðarnefndar Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar afsagnir og þakkar ofantöldum vel unnin störf.

Samþykkt samhljóða

Bókun meirihluta:

Meirihluti sveitarstjórnar óskar jafnframt eftir því að aðilar endurskoði ákvörðun sína og gegni formennsku og eða varaformennsku áfram.

9. Úrskurðarnefnd um Upplýsingamál – Ósk um umsögn, rökstuðning og gögn er varða Finnaffjarðarverkefnið og Navitas

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur borist kæra vegna synjunar um aðgang að gögnum Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra Langanesbyggðar að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða

10. Samstarfssamningur við Þekkingarnet Þingeyinga – Yfirlit

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit yfir framkvæmd og stöðu verkefna.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju hversu vel samstarfið við Þekkingarnet Þingeyinga hefur tekist.

11. Leikskólabygging – staða og næstu skref

Þann 20. júlí 2015 var sveitarstjóra falið að ráða Helga Geirharðsson sem verkefnisstjóra við hönnun leikskóla sem byggjast skyldi við Grunnskóla Þórshafnar. Verkefnisstjóri kom í kjölfarið til Þórshafnar og fundaði með stjórnendum sem og sveitarstjórnarfólki. Í framhaldinu lagði verkefnisstjórinn fram hugmynd að teikningu sem kynnt var fyrir leikskólastjóra Barnabóls. Þau funduðu og til varð betur útfærð teikning sem sveitarstjóri fékk senda þann 19. ágúst. Sú teikning (drög) var í kjölfarið kynnt fyrir þáverandi meirihluta.



LANGANESBYGGÐ

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur hér með til þess ráðnu fagfólki ásamt forsvarsmönnum þeirra stofnana sem nota munu hina endanlegu afurð það verkefni að koma með tillögu að lausn að nýjum leikskóla/skólamiðstöð. Framkvæmd vinnu skal miðast við minnisblað gert af sveitarstjóra dags 12. janúar 2016 og byggð á þeirri vinnu sem fram hefur farið.

Lausn skal rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins og miðast við að við opnun náist hin rekstrarlega hagkvæmni sem sambyggður leik- og grunnskóli býður upp á, einnig verði lagt upp með að gera eins mikið hvað varðar endurbætur á núverandi grunnskóla og mögulegt er.

Miðað er við að byggður leikskóli verði þriggja deilda, þó þarf að skoða áhrif rekstrar þriðju deildarinnar á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma. Mikilvægt er að hönnun og fyrirkomulag verði þannig að auðvelt sé að samnýta starfsfólk og með því ná fram hagræði og góðri nýtingu. Einnig er mikilvægt að byggingin verði eins hagkvæm í viðhaldi og rekstri og kostur er.

Þess má geta að sveitarstjóri og verkefnisstjóri gengu um alla núverandi byggingu grunnskóla þegar verkefnisstjóri kom í heimsókn til Þórshafnar. Í þeirri yfirferð komu upp margar áhugaverðar hugmyndir um bætt nýtingu húsnæðis og bætt starfsumhverfi. Sumar þeirra eru fjárútlátalítlar og auðveldar í framkvæmd aðrar heldur þyngri.

Á fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2016 er gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð í áframhaldandi hönnunavinnu, allt umfram það verður rætt sérstaklega í sveitarstjórn og teknar um það ákvarðanir á þeim vettvangi, sama á við um hina endanlegu ákvörðun þ.e. framkvæmdina og fjármögnun hennar.

Eftirfarandi eru punktar um grunnskipulag komandi vinnu:

- Helgi Geirharðsson verkefnisstjóri verði hönnunar og samræmingaraðili verkefnisins og beri ábyrgð á gæðum og framgangi
- Verkefnisstjóri fái notendur tilvonandi byggingar að borðinu, þ.e. leikskólastjóra og skólastjóra GP eftir því sem við á í hverju tilviki og saman eftir atvikum.
- Þessir aðilar vinni útfærð drög að grunnteikningu (layout-i) hvar búið verður að koma fyrir þeim rýmum sem þarf eftir skipulagi sem ásætlanlegt er.
- Verkefnisstjóri mun fá arkitekt að verkefninu eftir þörfum.
- Öll nálgun hvað varðar arkitektahönnun sem og aðra hönnun verður á þeim forsendum að verkkaupi og fulltrúar hans stjórn framrás og endanlegri afurð.
- Arkitektar og hönnuðir verða þó að sjálfsgöðu hafðir með í ráðum og þeirra sérfræðilekking nýtt til lausna.
- Við hönnun verði sérstaklega gætt að hljóðvist og vinnuvistfræðilegum þáttum
- Marinó Stefánsson, byggingariðnfræðingur verði í stöðu rýnis hvað varðar teikningar, hugmyndir og kostnað. Marinó hefur getið sér gott orð í sambærilegum verkefnum.
- Sveitarstjóri verði til aðstoðar og beri ásamt verkefnisstjóra fjárhagslega



LANGANESBYGGÐ

ábyrgð á verkefninu. Einnig mun sveitarstjóri/oddviti Svalbarðshrepps koma að málinu og hafa fullt aðgengi að öllum gögnum. Ítrekað skal að fjárhagsrammi sá er sveitarstjórnir Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps hafa sett verkefninu er grunnur að öllu því er gert verður. Gæta skal þess að spara ekki á kostnað gæða og framtíðarhagræðis.

- Verkefnisstjóri og eða sveitarstjóri skal reglulega gefa sveitarstjórn skýrslu, munnlega eða í formi minnisblaða.
- Þegar teikningar, fjárhagsáætlun og önnur gögn liggja fyrir mun sveitarstjórn taka endanlega ákvörðun um framkvæmd og í kjölfarið verður leitað fjármögnunar og unnin sú greiningarvinna sem 65. gr. laga um sveitarstjórnarmál gerir áskilnað um.

Samþykkt samhljóða.

12. Finnafjarðarverkefnið – staða og næstu skref

Meirihluti sveitarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti sveitarstjórnar Langanesbyggðar lýsir yfir vilja sínum til að halda áfram vinnu við hið svokallaða Finnafjarðarverkefni. Verkefnið hefur að markmiði að byggð verði upp stórskipa- og umskipunarhöfn í Finnafirði. Meirihlutinn telur að verði verkefnið að veruleika sé líklegt að það muni styrkja byggð og mannlíf á Norð-Austurlandi. Þessari afstöðu meirihluta Langanesbyggðar hefur sveitarstjóra verið falið að koma á framfæri við alla samstarfsaðila verkefnisins.

Meirihluti sveitarstjórnar er meðvitaður um þá miklu ábyrgð sem í því felst, fyrir sveitarfélag eins og Langanesbyggð, að vera þátttakandi í jafn umfangsmiklu verkefni og Finnafjarðarverkefninu. Verkefni af þeirri stærðargráðu getur leikið fjárhag sveitarfélagsins afar grátt, ef illa tekst til. Fyrir liggur að samstarf fyrri meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar leið undir lok, á fundi sveitarstjórnar þann 14.12.2015, sökum þess að fyrrverandi oddviti undirbjó viljayfirlýsingu um þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu, án nægilegs samráðs við sveitarstjóra og/eða sveitarstjórnarfólk beggja sveitarfélaganna sem ætlað er að standa að verkefninu. Yfirlýsingin, eins og hún liggur fyrir, felur í sér miklar fjárhagsskuldbindingar fyrir sveitarfélagið líkt og fram kemur í skýrslu sveitarstjóra sem var send með fundargögnum í aðdraganda fundarins. Sökum þessa trúnaðarbrests var ljóst að fyrri meirihluti gat ekki haldið áfram samstarfi í óbreyttri mynd.

Vegna áframhaldandi vinnu við Finnafjarðarverkefnið vill meirihlutinn upplýsa að óskað hefur verið eftir því að frekari viðræður við samstarfsaðila fari fram um efni viljayfirlýsingar. Það er sveitarfélaginu nauðsynlegt að skuldbindingar sveitarfélagsins samkvæmt því séu vandlega skilgreindar og afmarkaðar. Annað fær ekki samræmst ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Þá hefur meirihlutinn komið þeim skilaboðum á framfæri við samstarfsaðila að fjárhagsskuldbindingar sem sveitarfélagið tekst á herðar skv. yfirlýsingunni, og eftir atvikum í öðrum samningum síðar, verði fyrst bindandi fyrir sveitarfélagið eftir að þær hafa verið samþykktar sérstaklega í sveitarstjórn.

Ætíð hefur legið ljóst fyrir að Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur muni eiga með sér náið samstarf um aðkomu þeirra og framkvæmd Finnafjarðarverkefnisins. Sá vilji sveitarfélaganna er áréttaður í samningi „Finnafjord – Project CO-Operating



LANGANESBYGGÐ

Agreement“ sem undirritaður var af öllum aðilum þann 20. maí 2014. Á þeim forsendum hafa sveitarfélögin ákveðið að gera með sér samkomulag um það hvernig samstarfi þeirra verði háttað, þar sem hlutverk hvors um sig verði skilgreint og tryggt að allir hlutaðeigendur séu vandlega upplýstir um stöðu verkefnisins á hverjum tíma.

Tillaga meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar nr. 1

Í ljósi þess sem að framan greinir samþykkir sveitarstjórn Langanesbyggðar að umrædd viljayfirlýsing, sem liggur fyrir fundinum, verði afgreidd í sveitarstjórn Langanesbyggðar á sama hátt og gert var í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, þ.e. að afgreiðslu hennar verði frestað um sinn meðan unnið verði að verkefninu í samræmi við eftirfarandi verkáætlun:

Í samræmi við samkomulag aðila Finnaafjarðarverkefnisins frá árinu 2014, þar sem kveðið var á um að sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð skuli vinna náið saman að verkefninu, munu sveitarfélögin gera með sér samning um fyrirsvar og kostnaðarskiptingu. Munu drög að samkomulagi aðila verða lögð fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Aflað verði álitserðar varðandi efni þeirra skuldbindinga og kvaða sem fyrirbyggjandi viljayfirlýsing leggur á herðar sveitarfélögunum, auk þess sem skuldbindingar og kvaðir sem þar koma fram verða kostnaðarmetnar og skýrðar. Þá liggur enn fremur fyrir að hinn upprunalegi enski texti viljayfirlýsingarinnar er ekki í fullu samræmi við hina íslensku þýðingu sem lögð hefur verið fram og því er nauðsynlegt að skoða það sérstaklega.

Óskað verði eftir fundi með viðkomandi ráðherrum um málið, auk þess sem rætt verði við þingmenn kjördæmisins. Unnið verði að því að fá fjárframlag frá ríkinu vegna verkefnisins.

Unnið verði að endanlegri útgáfu viljayfirlýsingar í samræmi við niðurstöður rannsókna á skuldbindingum og kostnaðarmati á þeim, með hagsmuni sveitarfélaganna að leiðarljósi.

Sveitarstjóra og oddvita Langanesbyggðar, í samráði við sveitarstjóra og oddvita Vopnafjarðarhrepps, er með bókun þessari falið að vinna að ofangreindum atriðum og öðru því sem verkefninu tengist.

U-listinn fór fram á fundarhlé.

Samþykkt að gera fundarhlé klukkan 18:19 eins lengi og U-listinn þyrfti.

Fundur hófst aftur 19:10.

U-listinn vill bóka eftirfarandi vegna Finnaafjarðarverkefnisins:

Viljayfirlýsingin er gerð af starfsmanni Atvinnu og Nýsköpunarráðuneytinu og svo eru það Bremenports, starfsmaður verkfræðistofunni EFLU og lögmenn sveitarfélaganna sem koma að gerð hennar, ásamt aðkomu Siggeirs. Þetta er ekki fyrsta viljayfirlýsingin sem ráðuneytið stendur að og er okkar viljayfirlýsing byggð á þeirra reynslu.



LANGANESBYGGÐ

Á fundi sveitarstjórnar þann 28. ágúst 2014 var Siggeiri og Elíasi falið að vera í forsvari fyrir Finnaþarverkefnið og var það samþykkt með sex atkvæðum og einn sat hjá.

Upplýst hefur verið reglulega um Finnaþarverkefnið og boðið upp á kynningarfundum um viljayfirlýsinguna og aldrei voru gerðar formlegar athugasemdir við vinnulagið fyrir en 15. desember 2015. Það má koma fram að sveitarstjóri Vopnaþarhrepps hefur beðist velvirðingar á því að hafa ekki sinnt þessu máli eins og hann hefði átt að gera og að hafa ekki brugðist við óskum þess efnis frá Siggeiri. Hann þakkaði einnig Siggeiri fyrir gott starf í þágu þessa verkefnisins. Sömu upplýsingar fóru alltaf á Elías Pétursson sveitarstjóra Langanesbyggðar.

Lögmenn sveitarfélagsins í verkefninu og starfsmaður Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytinu fullyrða að viljayfirlýsingin feli ekki í sér neinar skuldbindinar umfram það sem er í samningum sem allir aðilar skrifuðu undir í maí 2014. Viljayfirlýsingin er hugsuð til að draga íslenska ríkið að verkefninu. Alltaf hefur verið hugsað um að lágmarka kostnað Langanesbyggðar í þessu verkefni. Það hefur komið fram hjá starfsmanni Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytinu að viljayfirlýsingin hafi ekki lagalegt gildi og sé þar af leiðandi ekki í gildi samnings.

Tillaga U-lista nr. 1

U-listinn leggur til að sett verði á laggirnar nefnd til að fara með verkefnið fyrir hönd sveitarfélagsins sem í verði aðilar frá öllum listum í Langanesbyggð.

U-listinn telur að Finnaþarverkefnið sé nú þegar vel kynnt innan sveitarstjórnar og ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja viljayfirlýsinguna þó með þeim fyrirvara að inn í viljayfirlýsinguna verði sett eftirfarandi ákvæði:

Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að Vopnaþarhreppur og Langanesbyggð hafa ekki getu til að leggja fjármagn í framkvæmdina við verkefnið nema að undangenginni fjármögnun á þeim fjárútlátum frá ríki eða með öðrum hætti.

U-listinn hefur ýmsar athugasemdir við þá samantekt sem Elías sveitarstjóri sendi á sveitarstjórnarmenn að kvöldi þriðjudagsins 12. janúar 2016 og mun skila frá sér greinargerð um málið.

Meirihlutinn óskar eftir fundarhléi.

Samþykkt að veita 15 mínútna fundarhlé.

Bókun frá meirihluta sveitarstjórnar:

Meirihluti sveitarstjórnar mun að sinni ekki bóka sérstaklega gegn bókun U-lista en tekur þó skýrt fram að í þeirri bókun felist ákveðnar rangfærslur. Meirihluti sveitarstjórnar áskilur sér allan rétt til þess að svara bókun U-lista síðar.

U-listinn óskar eftir fundarhléi.

Samþykkt að veita 5 mínútna fundarhlé.

Fundur settur að nýju 19:48



LANGANESBYGGÐ

Tillaga meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar nr. 1 borin upp til samþykkis.

Með tillögu voru: Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir og Hilma Steinarsdóttir.

Á móti tillögu voru: Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Siggeir Stefánsson og Björn Guðmundur Björnsson.

Tillaga U-lista nr. 1 borin upp til samþykkis

Með tillögu voru: Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Siggeir Stefánsson og Björn Guðmundur Björnsson

Á móti voru: Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir og Hilma Steinarsdóttir

Reynir Atli gerði grein fyrir atkvæði sínu þar sem hann er hlynntur stofnun nefndar en ekki á þessum tímapunkti.

Tillaga meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar nr. 1 telst því samþykkt.

13. Liður frá U-lista Viljayfirlýsing vegna Finnaþjarðarverkefnis – umræður afgreiðsla

U-listinn fer fram á fundarhlé.

Samþykkt að veita 5 mínútna fundarhlé.

Fundur er settur á ný klukkan 20:03.

Bókun frá U-Lista.

Hafsteinn Helgason bauð upp á kynningarfund með sveitarstjórnarmönnum um verkefnið og viljayfirlýsinguna þann 5 janúar síðastliðinn. Þar fór hann vel yfir málin og sveitarstjórnarmenn gátu spurt.

U-listinn hélt símafundi með Gesti Gunnarssyni öðrum lögfræðingi sveitarfélagsins í verkefninu og Sveini Þorgrímssyni yfirverkfræðingi hjá Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytinu sem hefur farið með verkefnið fyrir þeirra hönd. Viljayfirlýsingin er gerð af Sveini með breytingum og viðbótum frá bremenports, starfsmanni verkfræðistofunnar Eflu og lögfræðingum sveitarfélaganna, ásamt aðkomu Siggeirs. Það kom skýrt fram hjá báðum þessum aðilum að skuldbinding sveitarfélaganna vegna viljayfirlýsingarinnar væri óveruleg. Að sveitarfélögin gætu gengið út úr þessari viljayfirlýsingu hvenær sem er án eftirmála. U-listinn bendir öðrum sveitarstjórnarmönnum á að ræða við þessa aðila til að fá gleggri upplýsingar um viljayfirlýsinguna.



LANGANESBYGGÐ

U-Listinn telur að Finnaafjarðarverkefnið sé nú þegar vel kynnt innan sveitarstjórnar og ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja viljayfirlýsinguna þó með þeim fyrirvara að inn í viljayfirlýsinguna verði sett eftirfarandi ákvæði:

Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að Vopnaafjarðarhreppur og Langanesbyggð hafa ekki getu til að leggja fjármagn í framkvæmdina við verkefnið nema að undangenginni fjármögnun á þeim fjárútlátum frá ríki eða með öðrum hætti.

14. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir verkefni síðustu vikna.

Ýmsir fundir hafa verið haldnir og ýmis verkefni unnist.

Unnið hefur verið áfram að áætlanagerð vegna þaks og sundlaugarýmis íþróttamiðstöðvar og skýrist fljótlega.

Verið er að vinna í úttekt og nýju skipulagi Dvalarheimilisins Nausts og verður skýrsla þess efnis lögð fyrir fljótlega.

Töluverð vinna hefur farið fram vegna atvinnuástands á Bakkafirði og fundað verið bæði með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Byggðastofnun.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 20:44